

Hugtalisti v. greiðslureiknings.

<i>Hugtak</i>	<i>Skilgreining</i>
Rekstur reiknings	Reikningsveitandi rekur greiðslureikninginn til þess að viðskiptavinur geti haft af honum afnot.
Aðgangur að netbanka	Reikningsveitandi veitir viðskiptavini aðgang að netbanka.
Millifærslur/greiðslur	
Millifærsla innanlands	Reikningsveitandi millifærir fjárhæð samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinar af greiðslureikningi viðskiptavinar inn á annan reikning innanlands.
Millifærsla milli landa	Reikningsveitandi millifærir fjárhæð samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinar af greiðslureikningi viðskiptavinar inn á annan reikning í öðru landi.
Reglulegar millifærslur	Reikningsveitandi millifærir reglulega samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinar fasta fjárhæð af greiðslureikningi viðskiptavinar inn á annan reikning.
Beingreiðslur	Viðskiptavinur heimilar einhverjum öðrum (viðtakanda) að beina því til reikningsveitanda að millifæra fjárhæð af greiðslureikningi viðskiptavinar til viðtakandans. Reikningsveitandi millifærir þá fjárhæð til viðtakandans á þeim degi eða dögum sem viðskiptavinur og viðtakandi hafa sammælt um. Fjárhæðin getur verið breytileg.
Debetkort	Reikningsveitandi útvegar greiðslukort sem tengist greiðslureikningi viðskiptavinar. Fjárhæð hvernar færslu sem gerð er með kortinu er tekin beint og að fullu af greiðslureikningi viðskiptavinar.
Árgjald debetkorts	Gjald sem viðskiptavinur greiðir reikningsveitanda einu sinni á ári fyrir debetkort.
Endurútgáfa debetkorts	Gjald vegna endurútgáfu debetkorts.
Færslugjöld	Sérstakt gjald fyrir hverja færslu.
Færslugjöld í hraðbanka	Greiðsla fyrir úttekt reiðufjár í hraðbanka.
Innstæðulaus færsla (FIT)	Kostnaður við færslu þegar ekki er næg innstæða fyrir úttektinni af greiðslureikningi.
Kreditkort	Reikningsveitandi útvegar greiðslukort sem tengist greiðslureikningi viðskiptavinar. Heildarfjárhæð færslna sem gerðar eru með kortinu á tilteknu samþykktu tímabili er dregin annaðhvort að fullu eða að hluta af greiðslureikningi viðskiptavinar á ákveðnum degi. Það ræðst af lánsamningi milli reikningsveitanda og viðskiptavinar hvort viðskiptavinurinn greiðir vexti fyrir lántökuna.
Árgjald kreditkorts	Gjald sem viðskiptavinur greiðir reikningsveitanda einu sinni á ári fyrir kreditkort.
Endurútgáfa kreditkorts	Gjald vegna endurútgáfu kreditkorts.
Úttektargjald erlendis	Kostnaður við úttekt reiðufjár úr hraðbanka erlendis.
Úttektargjald erlendis	Kostnaður við úttekt reiðufjár úr hraðbanka erlendis.
Yfirdrættir og tengd þjónusta	
Yfirdráttarheimild	Reikningsveitandi og viðskiptavinur koma sér saman um það fyrirfram að viðskiptavinur geti fengið lán þegar engin innstæða er eftir á greiðslureikningnum. Í samkomulaginu er ákveðið hver hámarksfjárhæðin er sem hægt er að taka að láni og hvort gjöld og vextir verða innheimt af viðskiptavininum.